

Áfangastaðaáætlun 2026 -

Efnisyfirlit

Contents

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Áfangastaðaáætlun á netinu.....	3
Stefna og þróun áfangastaðarins	4
Framtíðarsýn og markmið.....	4
Tengsl við aðrar áætlanir.....	4
Áætlunin er jafnframt unnin í samræmi við:	5
Markaðsáhersla	6
Vestfjarðaleiðin – heildræn frásögn svæðisins.....	6
Lykilmarkaðir	6
Fjölbreytt og sjálfbær ferðapjónusta	6
Skemmtiferðaskip og dreifing ferðamanna	7
Viðburðir og menning	7
Lenging ferðamannatímabils.....	7
Áherslur og aðgerðir í umhverfismálum og sjálfbærni	8
Þróunarverkefni	9
Vestfjarðaleiðin	10
Þétting þjónustunets Vestfjarðaleiðarinnar	12
Göngu- og hjólaleiðir	13
Vetrarferðapjónusta á Vestfjörðum	16
Skemmtiferðaskip	18
Uppbygging	20
Árneshreppur	21
Bolungarvíkurkaupstaður	22
Ísafjarðarbær	23
Kaldrananeshreppur.....	29
Reykholahreppur.....	37
Strandabyggð	39
Vesturbyggð	44

Inngangur

Hvað er áfangastaðaáætlun?

Áfangastaðaáætlun Vestfjarða er heildstæð áætlun um þróun ferðaþjónustu á Vestfjörðum, þar sem horft er til samspils náttúru, samfélags, atvinnulífs og innviða. Í áætluninni er dregin saman staða ferðaþjónustu á svæðinu, sett fram framtíðarsýn og skilgreind markmið og áherslur til næstu ára.

Áfangastaðaáætlunin styður við stefnumótun og uppbyggingu ferðaþjónustu á Vestfjörðum, án lagalegrar bindandi skyldu. Hún byggir á víðtæku samráði við heimamenn, sveitarfélög, ferðaþjónustuaðila og aðra hagaðila og endurspeglar sameiginlega sýn á sjálfbæra og ábyrga þróun áfangastaðarins.

Við vinnslu áætlunarinnar var unnið með fjölbreyttar upplýsingar og innsýn, meðal annars úr vinnustofum með hagaðilum af öllu svæðinu.

Áfangastaðaáætlun Vestfjarða er lifandi skjal sem er ætlað að vera leiðarljós fyrir þróun ferðaþjónustu á svæðinu og uppfært reglulega í takt við breytingar, nýjar áskoranir og tækifæri.

Áfangastaðaáætlun á netinu

Áfangastaðaáætlun Vestfjarða er gefin út á netinu: <https://www.westfjords.is/afangastadaaaetlun>. Prentútgáfan sem liggur hér fyrir er unnin sérstaklega til kynningar og yfirferðar hjá sveitarstjórnunum Vestfjarða. Hún inniheldur ekki áfangastaðaáætlunina í heild sinni, heldur þá meginþætti sem varða stefnu, framtíðarsýn, þróunarverkefni og uppbyggingarverkefni á svæðinu. Um er að ræða þá þætti sem mynda sameiginlegan grunn að forgangsröðun verkefna og mótun á stefnumiðaðri þróun áfangastaðarins til lengri tíma.

Stefna og þróun áfangastaðarins

Framtíðarsýn og markmið

Vestfirðir eru eftirsóttur áfangastaður árið um kring þar sem náttúra, kyrrð og útivist laða að gesti. Saga, menning og rótgróin samfélög eru kjarninn í góðri upplifun. Fjölbreytt ferðapjónusta byggir á ábyrgð, gæðum og virðingu – með sérstöðu svæðisins að leiðarljósi.

Framtíðarsýn Vestfjarða er að svæðið verði heilsárs áfangastaður þar sem ferðapjónusta er rekin í sátt við náttúru og samfélag. Uppbygging og þróun fer fram í samræmi við stefnumörkun svæðisins og landsins. Hún byggir á Svæðisskipulagi Vestfjarða 2026-2050, Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 og Ferðamálastefnu ríkisins til 2030, auk aðalskipulags og fjárfestingaáætlana sveitarfélaganna.

Áfangastaðaáætlun Vestfjarða tekur mið af þeim stefnum og aðgerðum sem settar eru fram í ofangreindum stefnum. Svæðisskipulag Vestfjarða mótar heildstæða framtíðarsýn fyrir landshlutann til ársins 2050 og leggur grunn að stefnu í atvinnulífi, náttúruvernd og uppbyggingu innviða. Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 leggur áherslu á byggðafestu, samlegð menningar og atvinnulífs og eflingu heilsársstarfsemi. Ferðamálastefna ríkisins til 2030 leggur jafnframt áherslu á sjálfbærni, gæði, samhæfingu stjórnsýslu og ábyrga þróun ferðapjónustu.

Markmið áfangastaðaáætlunar Vestfjarða eru að efla heilsársferðapjónustu og draga úr árstíðasveiflu, styrkja ferðaleiðina [Vestfjarðaleiðina](#) sem burðarás ferðapjónustu á svæðinu og tryggja að uppbygging og stýring álags byggi á skipulagi og forsendum svæða. Jafnframt er lögð áhersla á að samhæfa stefnumótun, þróunarverkefni og markaðsstarf og tryggja að ferðapjónusta styðji við samfélagsauð og byggðafestu í landshlutanum.

Með þessum áherslum fellur áfangastaðaáætlun Vestfjarða að markmiðum ríkisins um sjálfbæra og ábyrga þróun ferðapjónustu þar sem jafnvægi er á milli nýtingar og verndar náttúru og samfélags.

Tengsl við aðrar áætlanir

Svæðisskipulag Vestfjarða

Vestfirðir geta skarað fram úr sem áfangastaður sem byggir á gæðum, sérstöðu og fjölbreytni. Dýpri tenging, gæði og lengri dvöl eru leiðarljós sem auka virði ferðapjónustunnar án þess að leggja óþarfa álag á náttúru og samfélag. Vestfirðir eiga að styðja við skipulagðan og sjálfbæran vöxt ferðapjónustu þar sem sveitarfélög gegna lykilhlutverki.

Í svæðisskipulaginu eru sett fram eftirfarandi markmið um sjálfbæra ferðapjónustu:

1. Efla ferðapjónustu sem heilsárs atvinnugrein
2. Styrkja Vestfjarðaleiðina sem heildstæða og aðlaðandi ferðamannaleið
3. Stuðla að sjálfbærri og ábyrgri ferðapjónustu í sátt við náttúru og samfélag

4. Samhæfa þróun, áætlunargerð og markaðssetningu ferðaþjónustu

- [Svæðisskipulag Vestfjarða](#)

Áætlunin er jafnframt unnin í samræmi við:

- [Sóknaráætlun Vestfjarða](#)
- [Ferðamálastefnu ríkisins 2030](#)
- Áætlanir sveitarfélaga

Markaðsáhersla

Markaðsáherslur Vestfjarða byggja á sérstöðu svæðisins, heildrænni sýn Vestfjarðaleiðarinnar og skýrum vilja heimamanna til að efla ferðaþjónustu allt árið. Áherslurnar taka mið af stefnu svæðisskipulags Vestfjarða og Sóknaráætlunar Vestfjarða, þar sem lögð er áhersla á sjálfbæra þróun ferðaþjónustu, dreifingu ferðamanna og eflingu heilsársstarfsemi.

Markaðsáherslurnar eru leiðarljós við mótun þróunarverkefna, markaðsstarfs og samstarfs innan ferðaþjónustunnar. Þær endurspeglar jafnvægi milli náttúru, samfélags og atvinnuþróunar og miða að því að styrkja Vestfirði sem heildstæðan og aðgengilegan áfangastað.

Vestfjarðaleiðin – heildræn frásögn svæðisins

[Vestfjarðaleiðin](#) er meginverkefni markaðs- og þróunarstarfs á Vestfjörðum. Hún sameinar náttúru, menningu og samfélag svæðisins í eina heildstæða frásögn, styrkir ímynd og sérstöðu Vestfjarða.

Leiðin gegnir einnig mikilvægu hlutverki í að dreifa ferðamönnum um svæðið og stuðla að jafnvægi í heimsóknum á áfangastaði. Markaðsstarf, vörubrúun og upplýsingagjöf eru því samræmd við Vestfjarðaleiðina þannig að upplifun gesta endurspeglar gildi svæðisins og fjölbreytileika.

Lykilmarkaðir

Gögn um gistinætur sýna að Vestfirðir sækja gesti frá fjölbreyttum mörkuðum, þar sem Evrópa er stærsti upprunamarkaðurinn. Þýskaland er stærsti erlendi markaðurinn, en einnig koma margir gestir frá Frakklandi, Bandaríkjunum, Hollandi og Sviss. Aðrir mikilvægir markaðir eru meðal annars Bretland, Ítalía, Spánn og Kanada.

Íslendingar eru jafnframt stór og mikilvægur markhópur ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Markaðsstarf tekur því mið af bæði innlendum og erlendum gestum og leggur áherslu á að kynna Vestfirði sem áhugaverðan áfangastað allt árið.

Markaðssetning Vestfjarða er unnin í samstarfi við ferðaþjónustuaðila á svæðinu og í samvinnu við Íslandsstofu, með það að markmiði að styrkja sýnileika svæðisins á alþjóðlegum mörkuðum.

Fjölbreytt og sjálfbær ferðaþjónusta

Vestfirðir bjóða upp á einstaka upplifun þar sem stórbrotin náttúra, kyrrð og sterk tenging við menningu og samfélag skapa grundvöll að verðmætri og sjálfbærri ferðaþjónustu. Svæðið hefur hlotið alþjóðlega viðurkenningu fyrir sérstöðu sína, frá Lonely Planet, sem styrkir ímynd Vestfjarða sem áfangastaðar sem byggir á gæðum og ábyrgri nýtingu náttúru.

Á Vestfjörðum felast fjölmörg tækifæri til áframhaldandi þróunar ferðaþjónustu sem byggir á sérstöðu svæðisins — útivist í stórbrotinni náttúru, menningu og sögum samfélaganna. Með markvissri vörubrúun og nýsköpun má skapa aukin verðmæti, lengja dvöl gesta og styrkja atvinnulíf og byggðir á svæðinu.

Lögð er áhersla á ábyrgð í ferðapjónustu og öflugt samstarf fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana um heildstæða þróun áfangastaðarins, þar sem sjálfbær nýting auðlinda og jákvæð áhrif á samfélag eru leiðarljós.

Skemmtiferðaskip og dreifing ferðamanna

Móttaka skemmtiferðaskipa er mikilvægur þáttur í ferðapjónustu á Vestfjörðum og styður við uppbyggingu þjónustu og afþreyingar á svæðinu. Komur skemmtiferðaskipa skapa tækifæri til að dreifa ferðamönnum til fleiri staða og styðja þannig við ferðapjónustu í fleiri byggðarlögum.

Í svæðisskipulagi Vestfjarða er jafnframt lögð áhersla á að mótuð verði samræmd stefna um móttöku skemmtiferðaskipa á svæðinu, í samstarfi við hafnir, sveitarfélög og fyrirtæki.

Viðburðir og menning

Viðburðir gegna mikilvægu hlutverki í ferðapjónustu á Vestfjörðum og stuðla að auknum sýnileika svæðisins og lengingu ferðamannatímabils. Menningar- og tónlistarviðburðir á borð við Aldrei fór ég suður og kvikmyndahátíðina Skjaldborg hafa skapað sér sterka stöðu og draga að gesti bæði innanlands og erlendis.

Í markaðsstarfi fyrir Vestfirði er lögð áhersla á að auka sýnileika menningar, lista og viðburða og tengja við heildstæða upplifun á svæðinu.

Lenging ferðamannatímabils

Á samráðsfundum við íbúa og hagaðila kom skýrt fram vilji til að efla ferðapjónustu utan háannatíma. Lenging ferðamannatímabilsins er því eitt af lykilviðfangsefnum í markaðs- og þróunarstarfi svæðisins.

Áhersla verður lögð á þróun heilsársafþreyingar, vetrarferða, hópaferða og markaðsstarfs sem sýnir að Vestfirðir eru aðgengilegur og eftirsóknarverður áfangastaður allt árið.

Áherslur og aðgerðir í umhverfismálum og sjálfbærni

Í svæðisskipulagi Vestfjarða er lögð áhersla á að þróun atvinnulífs og uppbygging innviða fari fram í sátt við náttúru og landslag svæðisins. Áfangastaðaáætlun Vestfjarða byggir á þeirri sýn og leggur áherslu á að þróun ferðaþjónustu taki mið af vernd náttúru, ábyrgri nýtingu svæða og góðri umgengni.

Vestfirðir einkennast af fjölbreyttu landslagi, víðfeðmum náttúrusvæðum og fjölda friðlýstra svæða sem gegna mikilvægu hlutverki í ímynd og aðdráttarafli landshlutans. Þar má meðal annars nefna Hornstrandafriðland, friðlýst svæði á Látrabjargi og Dynjanda og fleiri náttúruvætti sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Uppbygging ferðaþjónustu þarf að taka mið af þessum verðmætum og tryggja að umgengni og aðgengi sé í samræmi við verndarsjónarmið.

Ferðamálastefna ríkisins til 2030 leggur jafnframt áherslu á að þróun ferðaþjónustu byggi á gæðum fremur en magni. Á Vestfjörðum birtist það meðal annars í áherslu á vandaða uppbyggingu áningarstaða, skýra forgangsröðun uppbyggingarverkefna og samræmda nálgun við þróun áfangastaða.

Vestfjarðaleiðin gegnir mikilvægu hlutverki í þessu samhengi. Með þróun hennar sem hringleiðar um svæðið opnast fyrir möguleika ferðafólks til að fara sem víðast og stuðla að jafnvægi í álagi á vinsælum áfangastöðum. Samhliða því er lögð áhersla á uppbyggingu innviða, merkinga og áningarstaða sem styðja við góða umgengni og örugga ferðamennsku.

Í svæðisskipulagi Vestfjarða er einnig lögð áhersla á að mótuð verði samræmd stefna um móttöku skemmtiferðaskipa á svæðinu. Slík stefna getur stuðlað að betri yfirsýn yfir umfang skipakoma, samræmingu milli hafna og sveitarfélaga og betra jafnvægi milli ferðaþjónustu, samfélags og náttúruverndar.

Lögð er áhersla á að efla fræðslu og upplýsingagjöf til gesta um ábyrga umgengni við náttúru svæðisins. Með samstilltu átaki ferðaþjónustuaðila, sveitarfélaga og Vestfjarðastofu er leitast við að tryggja að gestir njóti náttúru Vestfjarða á ábyrgðan hátt og að verðmæti svæðisins varðveitist til framtíðar.

Uppbyggingarverkefni sem skilgreind eru í áfangastaðaáætlun eru unnin í samstarfi við sveitarfélög, sem fara með skipulagsvald innan sinna marka. Verkefni geta jafnframt verið grunnur að umsóknum í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og styðja þannig við markvissa og ábyrga uppbyggingu innviða ferðaþjónustu á Vestfjörðum.

Þróunarverkefni

Þróunarverkefni eru lykilþáttur í framkvæmd áfangastaðaáætlunar Vestfjarða og tengja saman stefnu, markmið og aðgerðir í þróun ferðaþjónustu á svæðinu. Verkefnin miða að því að styrkja umgjörð greinarinnar, efla samstarf og bæta gæði upplifunar fyrir gesti, á sama tíma og tekið er mið af náttúru, samfélagi og atvinnuþróun landshlutans.

Ólíkt uppbyggingarverkefnum sem snúa að einstökum áfangastöðum beinast þróunarverkefni að heildarþróun ferðaþjónustu á svæðinu. Þau stuðla að samræmdri stefnumótun, vöruþróun, markaðsstarfi og fræðslu og styðja þannig við áframhaldandi uppbyggingu greinarinnar.

Þróunarverkefnin byggja á áherslum svæðisskipulags Vestfjarða, Sóknaráætlunar Vestfjarða og Ferðamálastefnu ríkisins til 2030. Þau eru mótuð í samráði við sveitarfélög, ferðaþjónustuaðila og aðra hagaðila og taka mið af greiningum á stöðu ferðaþjónustu, árstíðasveiflum og þeim tækifærum sem felast í frekari þróun greinarinnar.

Áhersla er lögð á verkefni sem styðja við markaðsáherslur Vestfjarða, þar á meðal þróun Vestfjarðaleiðarinnar, eflingu heilsársferðaþjónustu og aukið samstarf innan greinarinnar. Verkefnin miða að því að skapa raunhæfar og mælanlegar umbætur sem styrkja Vestfirði sem heildstæðan og sjálfbæran áfangastað.

Vestfjarðastofa leiðir framkvæmd þróunarverkefna í samstarfi við sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir eftir því sem við á. Fyrir hvert verkefni eru skilgreind markmið, ábyrgð og eftirfylgni til að tryggja framgang og gagnsæi.

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir þau þróunarverkefni sem skilgreind eru í gildandi áfangastaðaáætlun Vestfjarða.

Vestfjarðaleiðin

Inngangur

Vestfjarðaleiðin er eitt af lykilverkefnum í þróun ferðapjónustu á Vestfjörðum og gegnir mikilvægu hlutverki í að tengja saman byggðir, áfangastaði, þjónustu og upplifanir í eina heildstæða ferðaleið. Verkefnið byggir á þeirri sýn að ferðalagið sjálf sé hluti af upplifun gesta og að með skýrari framsetningu, samræmdri miðlun og markvissri þróun sé hægt að hvetja ferðamenn til að dvelja lengur, ferðast víðar um svæðið og kynnast betur náttúru, menningu og samfélagi. Verkfærakista Vestfjarðaleiðarinnar undirstrikar einmitt að leiðin sé hugsuð til að fá fleiri gesti til að ferðast um Vestfirði og Dali, dvelja lengur og heimsækja fleiri staði en ella. [Vestfjarðaleiðin Verkfærakista](#)

Vestfjarðaleiðin er þróunarverkefni sem styður við samhæfingu innan ferðapjónustunnar og skapar sameiginlegan ramma um frásögn, þjónustu og áframhaldandi uppbyggingu. Leiðin hefur einnig sterka tengingu við markaðsáherslur svæðisins, þar sem hún styður við hægari ferðamennsku, dreifingu gesta og aukið virði hverrar heimsóknar. Þetta fellur vel að fyrri áfangastaðaáætlun þar sem áhersla var lögð á að byggja upp ferðapjónustu fyrir gesti sem dvelja lengur og sækjast eftir gæðum fremur en skyndiheimsóknum.

Markmið

Markmið Vestfjarðaleiðarinnar er að styrkja Vestfirði sem heildstæðan áfangastað og skapa skýrari umgjörð utan um ferðalög um svæðið. Með verkefninu er leitast við að bæta dreifingu ferðamanna um landshlutann, lengja dvalartíma, styðja við heilsársferðapjónustu og skapa betri forsendur fyrir fjölbreytta verðmætasköpun í byggðum Vestfjarða. Leiðin á jafnframt að auðvelda gestum að skilja svæðið sem eina heild, gera raunhæfar áætlanir um ferðalag sitt og finna betur tengingar milli staða, upplifana og þjónustu.

Þrjár stoðir Vestfjarðaleiðarinnar

Verkefnið Vestfjarðaleiðin er í raun þríþætt og byggir á þremur stoðum sem styðja hver aðra og skapa grunn að áframhaldandi þróun áfangastaðarins:

Markaðssetning

Vestfjarðaleiðin er sameiginleg ferðaleið og heildstæð vara sem auðvelt er að miðla og selja til ferðamanna. Leiðin setur ferðalagið í skýran ramma og gerir svæðið aðgengilegra fyrir sjálfkeyrandi ferðamenn og ferðaskrifstofur. Með sameiginlegri framsetningu verður ferðalag um Vestfirði skipulagðara og svæðið meira aðlaðandi sem áfangastaður.

Þróunartæki

Vestfjarðaleiðin er mikilvægt verkfæri fyrir sveitarfélög og ferðapjónustuaðila til að móta sameiginlega sýn á þróun ferðapjónustu á svæðinu. Leiðin hjálpar þátttakendum að horfa á Vestfirði sem eina heild og styður við forgangsröðun innviðauppbyggingar, þjónustu og upplifana út frá heildarsýn fremur en einstökum staðbundnum verkefnum.

Samstarfsvettvangur

Vestfjarðaleiðin skapar vettvang fyrir aukið samstarf ferðapjónustuaðila, sveitarfélaga og annarra



hagaðila á stóru svæði. Með sameiginlegri nálgun verður auðveldara að þróa samræmda frásögn, styrkja tengsl milli staða og byggja upp ferðaþjónustu sem skapar meiri verðmæti fyrir svæðið í heild.

Nálgun og framkvæmd

Vestfjarðaleiðin byggir á alþjóðlegri reynslu af ferðaleiðum en er mótuð út frá sérstöðu Vestfjarða, landslagi svæðisins og þeim áherslum sem komið hafa skýrt fram í samráði við íbúa og hagaðila. Í verkfærakistunni er lögð áhersla á að leiðin byggi á sögum staðanna, sérstöðu samfélaganna og sameiginlegu yfirbragði sem þátttakendur geti nýtt í eigin miðlun. Þar er jafnframt lögð áhersla á að leiðin sé aðgengileg, að auðvelt sé fyrir gesti að átta sig á henni og að hún styðji við samræmda markaðssetningu og aukna þátttöku fyrirtækja. [Vestfjarðaleiðin Verkfærakista](#)

Verkefnið felur því í sér samspil markaðssetningar, miðlunar, frásagnar, aðgengis og uppbyggingar. Með skýrari framsetningu leiðarinnar, auknum tengingum við þjónustu og afþreyingu og áframhaldandi þróun áningastaða og upplýsingagjafar verður hægt að styðja við hægari og markvissari ferðamennsku. Leiðin er einnig tæki til dreifingar á ferðamönnum víðar um svæðið, bæði á milli byggðarlaga og frá fjölsóttari stöðum að minni samfélögum og afleggjarum. Þessi nálgun styður vel við þá stefnu sem kemur fram í svæðisskipulagi um að ferðaþjónusta verði heils árs atvinnugrein, að Vestfjarðaleiðin verði styrkt sem hringleið ferðamanna og að þróun og markaðssetning ferðaþjónustu sé samhæfð á svæðinu. [Svæðisskipulag vinnslutillaga](#)

Samstarf og hlutverk

Samstarf er forsenda Vestfjarðaleiðarinnar. Sveitarfélög, fyrirtæki, áfangastaðastofur og aðrir hagaðilar koma að verkefninu með ólíkum hætti. Sveitarfélög gegna lykilhlutverki í forgangsröðun innviðauppbyggingar og tengingu leiðarinnar við skipulag og þjónustu innan sinna marka. Fyrirtæki og þjónustuaðilar þróa upplifanir, afþreyingu og þjónustu sem gefa leiðinni raunverulegt innihald og skapa tilefni fyrir lengri dvöl. Vestfjarðastofa, í samstarfi við Markaðsstofu Vesturlands eftir því sem við á, heldur utan um sameiginlega frásögn, verkfæri, samhæfingu og miðlun verkefnisins.

Tengsl við stefnumótun

Vestfjarðaleiðin tekur mið af [Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025-2050](#), þar sem lögð er áhersla á að ferðaþjónusta verði heils árs atvinnugrein, að leiðin verði styrkt sem hringleið og að uppbygging áningarstaða og þjónustu stuðli að fjölbreyttari upplifun og betri dreifingu gesta. Hún tekur einnig mið af [Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029](#), þar sem byggt er á samlegð atvinnulífs, menningar og byggðafestu, og af [Ferðamálastefnu ríkisins til 2030](#), sem leggur áherslu á markvissa áfangastaðapróun, rannsóknir og gögn, gæði, samhæfingu og sjálfbæra þróun ferðaþjónustu um land allt.

Vestfjarðaleiðin er þannig bæði sameiginleg frásögn og sameiginlegt þróunarverkfæri. Hún skapar ramma utan um áframhaldandi markaðsstarf og þróun þjónustu, styður við samræmda sýn á svæðið og styrkir Vestfirði sem heildstæðan áfangastað.

Þétting þjónustunets Vestfjarðaleiðarinnar

Inngangur

Þétting þjónustunets Vestfjarðaleiðarinnar er þróunarverkefni sem miðar að því að styrkja grunninnviði og þjónustu fyrir ferðamenn á Vestfjörðum. Verkefnið snýr að því að bæta aðgengi að grunnþjónustu, skapa skýra og vel staðsetta áningastaði og tryggja að ferðalag um svæðið sé öruggt, þægilegt og aðgengilegt fyrir gesti jafnt sem heimamenn.

Vestfirðir einkennast af löngum vegalengdum, dreifðri byggð og mikilli náttúru. Þess vegna gegnir þjónustunetið lykilhlutverki í upplifun gesta og í því að gera ferðalag um svæðið fyrirsjáanlegt og aðgengilegt. Með markvissri þróun áningarstaða og þjónustu er stutt við hæglætisferðamennsku, gestir hvattir til að stoppa oftar og lengur og skapa sterkari tengingu milli ferðaleiðarinnar og samfélagsins.

Verkefnið er nátengt Vestfjarðaleiðinni og styður við þá sýn að ferðalagið sjálft sé mikilvægur hluti af upplifun gesta á svæðinu.

Markmið

Markmið verkefnisins er að þróa samræmt og aðgengilegt þjónustunet á Vestfjörðum sem styður við ferðalög um Vestfjarðaleiðina og eykur gæði upplifunar gesta.

Verkefnið miðar að því að:

- Bæta aðgengi að grunnþjónustu á ferðaleiðum, svo sem salernum, upplýsingagjöf og öruggum áningastöðum
- Tryggja dreifingu þjónustu og áningastaða um svæðið
- Styrkja tengsl ferðaleiðarinnar við byggðir, fyrirtæki og afþreyingu
- Styðja við hæglætisferðamennsku og lengri dvöl gesta
- Tryggja að þjónusta og aðstaða uppfylli hönnunarmarkmið og skýr gæðaviðmið

Með þessum hætti styður verkefnið við jafnvægi milli aukinnar ferðamennsku og verndar náttúru og samfélaga.

Nálgun og framkvæmd

Þétting þjónustunetsins byggir á þeirri nálgun að ferðalag um Vestfirði sé röð upplifana þar sem áfangastaðir, þjónusta og náttúra mynda samfellda heild. Áhersla er því lögð á að þróa þjónustunet sem styður við ferðalagið sjálft og gerir gestum kleift að stoppa reglulega, njóta umhverfisins og tengjast áfangastaðnum.

Í verkefninu er unnið að því að greina og skilgreina lykilstaði þar sem þjónusta og áningastaðir geta styrkt ferðaleiðina. Þar undir fellur meðal annars þjónusta, útsýnisstaðir, upplýsingastaðir og aðrir staðir þar sem gestir geta numið staðar án þess að skapa óþarfa álag á náttúru eða samfélag.

Mikil áhersla er lögð á gæði hönnunar og samræmi í uppbyggingu. Með markvissri hönnun á aðstöðu, merkingum og upplýsingagjöf er hægt að skapa skýrari upplifun fyrir gesti og tryggja að innviðir falli vel að landslagi og staðaranda. Góð hönnun eykur jafnframt öryggi, minnkar sjónrænt álag og stuðlar að því að aðstaða endist lengur og krefjist minni viðhalds.

Þjónustunetið er tengt við fyrirtæki og þjónustu í nærliggjandi byggðum þannig að ferðaleiðin styðji við staðbundna atvinnustarfsemi og skapi aukin tækifæri fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu.

Samstarf og hlutverk

Uppbygging þjónustunets Vestfjarðaleiðarinnar byggir á samstarfi sveitarfélaga, fyrirtækja, Vestfjarðastofu og viðeigandi stofnana.

Sveitarfélög gegna lykilhlutverki í skipulagi, forgangsroðun og uppbyggingu áningarstaða og annarra innviða. Fyrirtæki og þjónustuaðilar tengja áningastaði við afþreyingu, veitingar, gistingu og aðra þjónustu sem skapar innihald fyrir ferðaleiðina.

Vestfjarðastofa vinnur að samhæfingu verkefnisins, greiningu á þjónustubörf, miðlun upplýsinga og tengingu verkefnisins við önnur þróunarverkefni á svæðinu, þar á meðal Vestfjarðaleiðina og þróun útvistarleiða.

Samstarfið gerir það kleift að þróa þjónustunet sem byggir á þörfum svæðisins og styður við bæði ferðaþjónustu og daglegt líf íbúa.

Tengsl við stefnumótun

Þróun þjónustunets Vestfjarðaleiðarinnar tekur mið af [Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025-2050](#) þar sem lögð er áhersla á að styrkja ferðaleiðir, bæta aðgengi að áningarstöðum og þróa innviði með áherslu á góða hönnun og samræmi við landslag.

Verkefnið styður einnig við markmið [Sóknaráætlunar Vestfjarða](#) um að efla atvinnulíf og byggðafestu á svæðinu og skapa ný tækifæri í ferðaþjónustu. Jafnframt tekur það mið af [Ferðamálastefnu ríkisins til 2030](#) þar sem lögð er áhersla á gæði áfangastaða, samhæfða áfangastaðaþróun og sjálfbæra nýtingu ferðamannastaða.

Með því að þróa samræmt og vandað þjónustunet styrkir verkefnið Vestfirði sem heildstæðan og aðgengilegan áfangastað þar sem ferðalagið sjálft er hluti af upplifuninni.

Göngu- og hjólaleiðir

Inngangur

Göngu- og hjólaleiðir eru mikilvægur þáttur í fjölbreyttri og sjálfbærri ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Slíkar leiðir skapa tækifæri fyrir gesti til að upplifa landslag, náttúru og samfélög svæðisins á hægari og dýpri hátt en ella og styðja þannig við þá sýn að ferðalagið sjálft sé hluti af upplifun áfangastaðarins.

Á Vestfjörðum er að finna fjölda göngu- og útvistarleiða sem hafa myndast í gegnum tíðina, bæði hefðbundnar gönguleiðir, stíga og slóða sem heimamenn og gestir hafa nýtt til útvistar. Þessar leiðir eru þó oft dreifðar í mismunandi upplýsingakerfum eða lítt skráðar, sem gerir gestum erfiðara fyrir að átta sig á þeim möguleikum sem svæðið býður upp á.

Verkefnið miðar því að því að skapa betri yfirsýn yfir göngu- og hjólaleiðir á Vestfjörðum, bæta miðlun upplýsinga um þær og styðja þannig við öruggari og markvissari nýtingu þeirra.

Markmið

Markmið verkefnisins er að kortleggja og miðla upplýsingum um göngu- og hjólaleiðir á Vestfjörðum á samræmdan og aðgengilegan hátt.

Verkefnið miðar að því að:

- Skapa heildaryfirsýn yfir göngu- og hjólaleiðir á Vestfjörðum
- Bæta aðgengi gesta og heimamanna að áreiðanlegum upplýsingum um leiðir
- Auka öryggi með skýrari upplýsingum um erfiðleikastig, aðgengi og aðstæður
- Styrkja tengingu göngu- og hjólaleiða við Vestfjarðaleiðina og aðra áfangastaði

Með því að bæta aðgengi að upplýsingum um leiðir verður auðveldara fyrir gesti að skipuleggja ferðir sínar og nýta svæðið á ábyrgan og öruggan hátt.

Nálgun og framkvæmd

Verkefnið felst fyrst og fremst í kortlagningu og samræmdri miðlun upplýsinga um göngu- og hjólaleiðir á Vestfjörðum. Unnið er að því að safna saman gögnum um leiðir á öllu svæðinu, staðsetja þær á kortum og skrá helstu upplýsingar sem skipta máli fyrir notendur.

Slíkar upplýsingar geta meðal annars tekið til lengdar leiða, erfiðleikastigs, hæðarbreytinga, aðgengis, árstíðabundinna aðstæðna og tenginga við aðra áfangastaði eða þjónustu. Með samræmdri framsetningu þessara upplýsinga verður auðveldara fyrir gesti að velja leiðir sem henta þeirra reynslu og væntingum.

Verkefnið styður jafnframt við Vestfjarðaleiðina með því að tengja göngu- og hjólaleiðir betur við ferðaleiðina og áningastaði hennar. Með því skapast fleiri tilefni fyrir gesti til að stoppa, fara út úr bílnum og upplifa svæðið á annan hátt en með akstri einum saman.

Þróun hjólaleiða á Vestfjörðum felur í sér áhugaverð tækifæri til framtíðar. Í verkefninu er horft til þess að greina möguleika á hjólaleiðum sem tengjast vegakerfi, stígum og útivistarsvæðum og geta til framtíðar orðið hluti af fjölbreyttari afþreyingu á svæðinu.

Samstarf og hlutverk

Kortlagning og miðlun göngu- og hjólaleiða byggir á samstarfi sveitarfélaga, ferðaþjónustuaðila, útivistarfélaga og annarra hagaðila sem hafa þekkingu á svæðinu.

Sveitarfélög gegna mikilvægu hlutverki við að miðla upplýsingum um leiðir innan sinna marka og tengja verkefnið við skipulag og uppbyggingu útivistarsvæða. Ferðaþjónustuaðilar og leiðsögumenn geta lagt til þekkingu um vinsælar leiðir, öryggi og upplifun gesta.

Vestfjarðastofa heldur utan um samræmingu verkefnisins, vinnur að miðlun upplýsinga og tengir verkefnið við aðra þætti áfangastaðapróunar á Vestfjörðum, þar á meðal Vestfjarðaleiðina og þróun þjónustunets á svæðinu.

Tengsl við stefnumótun

Verkefnið tekur mið af [Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025-2050](#) þar sem lögð er áhersla á að efla útivist, bæta aðgengi að náttúru og styðja við fjölbreytta ferðaþjónustu sem byggir á sérstöðu landslags og umhverfis svæðisins.

Það styður einnig við markmið [Sóknaráætlunar Vestfjarða](#) um að efla atvinnulíf og skapa tækifæri í tengslum við náttúrutengda ferðaþjónustu. Jafnframt fellur verkefnið að áherslum [Ferðamálastefnu ríkisins til 2030](#) þar sem lögð er áhersla á sjálfbæra nýtingu náttúru, aukna gæði upplifunar gesta og dreifingu ferðamanna um landið.

Með markvissri kortlagningu og miðlun göngu- og hjólaleiða verður auðveldara að nýta þá fjölbreyttu útivistarmöguleika sem Vestfirðir bjóða upp á og styrkja svæðið sem áfangastað fyrir virka og náttúrutengda ferðamennsku.

Vetrarferðapjónusta á Vestfjörðum

Inngangur

Þróun vetrarferðapjónustu á Vestfjörðum er lykilverkefni í því að styrkja svæðið sem heilsárs áfangastað. Verkefnið byggir á þeirri sýn að ferðapjónusta geti skapað verðmæti allt árið um kring, í sátt við náttúru, samfélög og atvinnulíf svæðisins.

Ferðapjónusta á Vestfjörðum hefur lengi verið sterk yfir sumarmánuðina en yfir vetrartímanna eru tækifæri til frekari þróunar. Með markvissri vöruþróun, auknu samstarfi og skýrari tengingum við alþjóðlega söluaðila er hægt að skapa ný tækifæri fyrir fyrirtæki og samfélög á svæðinu. Veturinn býður upp á sérstaka upplifun sem byggir meðal annars á kyrrð, veðurfari, myrkri, náttúru og menningu Vestfjarða.

Verkefnið miðar að því að styðja fyrirtæki og samfélög við að þróa raunhæfar og söluhæfar vetrarupplifanir og styrkja þannig grundvöll heilsársferðapjónustu á Vestfjörðum.

Markmið

Markmið verkefnisins er að lengja ferðamannatímabilið á Vestfjörðum og styrkja svæðið sem áfangastað fyrir vetrarferðir.

Verkefnið miðar að því að:

- Styðja fyrirtæki við þróun vetrarupplifana
- Efla samstarf fyrirtækja og samfélaga við þróun vetrarferða
- Efla samskipti og tengsl við erlenda söluaðila og ferðaskrifstofur
- Auka sýnileika vestfirskrar vetrarferðapjónustu á alþjóðlegum mörkuðum
- Stuðla að atvinnuuppbyggingu og verðmætasköpun yfir lengra tímabil ársins

Með markvissri þróun vetrarferðapjónustu skapast auknar forsendur fyrir fjölbreyttari rekstri ferðapjónustufyrirtækja og meiri stöðugleika í atvinnulífi svæðisins.

Nálgun og framkvæmd

Verkefnið byggir á tveimur meginþáttum: vöruþróun, markaðssetningu og sölu.

Vöruþróun

Fyrsti þáttur verkefnisins snýr að þróun vetrarvara í samstarfi við fyrirtæki og sveitarfélög á Vestfjörðum. Markmið þessarar vinnu er að móta upplifanir sem standast kröfur gesta hvað varðar skipulag, öryggi og gæði.

Í tengslum við verkefnið hafa verið haldnar vinnustofur á öllum svæðum Vestfjarða þar sem ferðapjónustuaðilar hafa unnið saman að því að greina tækifæri vetrarins og þróa hugmyndir að nýjum vörum. Þar hafa meðal annars komið fram hugmyndir sem tengjast náttúruupplifunum,

vetrarútivist, heilsu- og vellíðunarferðum, menningarviðburðum og upplifunum sem byggja á ró og lengri dvöl gesta á hverjum stað.

Í verkefninu er lögð áhersla á að styðja fyrirtæki við að þróa þessar hugmyndir áfram í seljanlegar ferðir. Það felur meðal annars í sér vinnu með skipulag ferða, samstarf milli fyrirtækja og gerð kynningarefnis sem hægt er að kynna í alþjóðlegum sölurásum.

Markaðssetning og sala

Annar þáttur verkefnisins snýr að sameiginlegri markaðssetningu og sölutengslum fyrir vetrarferðir á Vestfjörðum.

Áhersla er lögð á að tengja vetrarvörur við erlenda ferðaskrifstofur og söluaðila sem hafa reynslu af sölu ferða til kaldari svæða. Með því er hægt að kynna Vestfirði sem aðgengilegan og áhugaverðan vetraráfangastað þar sem gestir geta upplifað náttúru, menningu og samfélag á annan hátt en yfir sumartímann.

Markaðsstarfið er unnið í samstarfi við Íslandsstofu og vestfirsku ferðapjónustuaðila og byggir á samræmdri frásögn og kynningu á svæðinu. Veturinn er kynntur sem hluti af heildarupplifun Vestfjarða þar sem ferðalag, náttúra og samfélag mynda eina samfellda upplifun.

Verkefnið tengist einnig Vestfjarðaleiðinni þar sem vetrarupplifanir eru þróaðar með það að markmiði að styrkja leiðina sem heilsárs ferðaleið.

Samstarf og hlutverk

Þróun vetrarferðapjónustu byggir á virku samstarfi sveitarfélaga, fyrirtækja og Vestfjarðastofu.

Ferðapjónustuaðilar gegna lykilhlutverki í þróun upplifana og þjónustu sem mynda grunn vetrarferða á svæðinu. Sveitarfélög styðja við verkefnið með þátttöku í vinnustofum, tengingu við samfélög og stuðningi við þróun ferðapjónustu innan sinna marka.

Vestfjarðastofa heldur utan um samhæfingu verkefnisins, skipulag vinnustofa, tengsl við söluaðila og miðlun upplýsinga um vetrarferðir á Vestfjörðum.

Tengsl við stefnumótun

Verkefnið tekur mið af [Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025-2050](#) þar sem lögð er áhersla á að ferðapjónusta verði heilsárs atvinnugrein og að byggt verði upp sjálfbært atvinnulíf sem nýtir sér sérstöðu svæðisins.

Það styður einnig við markmið [Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029](#) um að efla atvinnulíf, auka fjölbreytni í atvinnu og styrkja byggðafestu á svæðinu. Jafnframt fellur verkefnið að áherslum [Ferðamálastefnu ríkisins til 2030](#) þar sem lögð er áhersla á áfangastaðþróun, aukin gæði ferðapjónustu og betri dreifingu ferðamanna yfir árið.

Með markvissri þróun vetrarferðapjónustu styrkjast Vestfirðir sem áfangastaður sem býður fjölbreyttar upplifanir allt árið um kring.

Skemmtiferðaskip

Inngangur

Komur skemmtiferðaskipa til Vestfjarða hafa stóruaukið á undanförunum árum og er Ísafjarðarhöfn meðal vinsælustu stoppa á Íslandi. Móttaka skemmtiferðaskipa hefur því orðið æ mikilvægari hluti af ferðaþjónustu svæðisins. Sú þróun skapar tækifæri fyrir atvinnulíf og þjónustu en kallar jafnframt á skýra stefnu og samræmda stjórnun til að tryggja að álag á innviði, náttúru og samfélög sé innan viðráðanlegra marka.

Þróunarverkefnið snýr að því að móta sameiginlegan ramma fyrir móttöku og stýringu skemmtiferðaskipa á Vestfjörðum. Með samræmdri nálgun verður hægt að taka upplýstar ákvarðanir um fjölda skipakoma, dreifingu gesta og þróun þjónustu. Áhersla er lögð á að auka virði hvernar skipakomu og tryggja að þróunin sé í sátt við samfélög og náttúru Vestfjarða.

Markmið

Gerð sameiginlegrar stefnu sem felur í sér skýr viðmið um móttöku skemmtiferðaskipa og dreifingu þeirra um Vestfirði. Stefnan styður við sjálfbæra þróun ferðaþjónustu og ábyrga nýtingu innviða.

Verkefnið miðar að því að:

- Setja sameiginleg viðmið um móttöku skemmtiferðaskipa á Vestfjörðum
- Samræma áætlanir sveitarfélaga og hafna um fjölda skipa og tímasetningar
- Tryggja að móttaka skipa taki mið af getu innviða og þolmörkum svæða
- Stuðla að dreifingu gesta innan svæðis og á milli staða
- Auka virði hvernar skipakomu með sterkari tengingu við þjónustu og upplifanir í landi
- Tryggja að þróun skemmtiferðaskipa sé í sátt við samfélög og náttúru Vestfjarða

Með skýrri stefnu og sameiginlegum viðmiðum verður auðveldara að samræma ákvarðanir og skapa fyrirsjáanlegan ramma fyrir þróun greinarinnar.

Nálgun og framkvæmd

Verkefnið felur í sér greiningu, stefnumótun og samhæfingu milli sveitarfélaga, hafna og annarra hagaðila

- Í verkefninu verður unnið að því að safna saman gögnum um skipakomu og farþegafjölda og móta sameiginleg viðmið um móttöku skipa
- Samstarf við hagaðila og samtök hagaðila
- Sett verða skýr viðmið um landtöku farþega utan hafna með tilliti til öryggis, náttúruverndar og álags á viðkvæm svæði
- Unnið verður að því að styrkja tengingu skemmtiferðaskipa við þjónustu og upplifanir í landi með það að markmiði að auka verðmætasköpun og jákvæð áhrif á samfélög á Vestfjörðum

Samstarf og hlutverk

Móttaka og stýring skemmtiferðaskipa byggir á samstarfi sveitarfélaga, hafna, ferðapjónustuaðila og Vestfjarðastofu.

Hafnir og sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi og móttöku skipa innan sinna marka og gegna lykilhlutverki í ákvarðanatöku um fjölda skipa, tímasetningar og aðstöðu fyrir farþega. Ferðapjónustuaðilar sjá um afþreyingu og þjónustu í landi og gegna mikilvægu hlutverki í því að tryggja gæði upplifunar og verðmætasköpun fyrir samfélögin.

Vestfjarðastofa vinnur að samhæfingu verkefnisins á svæðisvísu, tryggir upplýsingamiðlun og stuðlar að samstarfi milli hagaðila jafnframt því að tengja verkefnið við aðra þætti áfangastaðapróunar á Vestfjörðum.

Tengsl við stefnumótun

Verkefnið tekur mið af Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025–2050 þar sem lögð er áhersla á að móta sameiginlega stefnu og viðmið um móttöku skemmtiferðaskipa og tryggja að þróun greinarinnar byggi á gæðum, dreifingu gesta og virðingu fyrir náttúru og samfélagi.

Verkefnið styður einnig við markmið Sóknaráætlunar Vestfjarða um sjálfbæra atvinnuþróun og aukna verðmætasköpun í ferðapjónustu. Jafnframt fellur það að Ferðamálstefnu ríkisins til 2030 þar sem lögð er áhersla á ábyrga stjórnun áfangastaða, samhæfða stefnumótun og jafnvægi milli nýtingar og verndar.

Með sameiginlegri stefnu og skýrum viðmiðum um móttöku skemmtiferðaskipa verður hægt að þróa þessa grein ferðapjónustunnar á Vestfjörðum á ábyrgan og sjálfbæran hátt til framtíðar.

Uppbygging

Uppbyggingarverkefni snúa að því að bæta aðstöðu og innviði á áfangastöðum um Vestfirði. Á þessari síðu eru sett fram þau verkefni sem sveitarfélög og samstarfsaðilar hafa skilgreint sem forgangsverkefni á næstu árum.

Verkefnin tengjast meðal annars uppbyggingu stíga, merkinga, bílastæða, salernisaðstöðu og annarra innviða sem styðja við örugga og góða nýtingu svæða. Þau endurspeglar þarfir á hverjum stað og stuðla að því að dreifa álagi, bæta aðgengi og styrkja upplifun gesta og heimafólks.

Uppbyggingarverkefnin eru lifandi verkefnalisti sem er uppfærður reglulega. Markmiðið er að veita skýra yfirsýn yfir hvaða framkvæmdir eru fyrirhugaðar, hvar uppbygging er í gangi og hvaða svæði kalla á frekari úrbætur á næstu árum.

Uppbyggingarverkefni eru uppfærð árlega í samráði við sveitarfélög á Vestfjörðum. Á fyrsta ársfjórðungi hvers árs eru send út stöðluð eyðublöð til viðeigandi aðila innan hvers sveitarfélags, þar á meðal sveitarstjóra, þar sem óskað er eftir yfirferð og uppfærslu á stöðu verkefna, nýjum tillögum og breytingum.

Breytingar á uppbyggingarverkefnum, hvort sem um er að ræða ný verkefni, breytingar á fyrirliggjandi verkefnum eða niðurfellingu verkefna, skulu fara í gegnum þetta árlega ferli.

Uppfærslur utan þessa ferlis eru almennt ekki teknar til afgreiðslu nema að undangengnu samráði við umsjónaraðila áfangastaðaáætlunarinnar

Framsetninga uppbygginaverkefna fylgir ákveðnum birtingastaðli síðu [Áfangastaðaáætlunarinnar](#), en efnið sem birtist er alfarið unnið af fulltrúum sveitarfélaganna.

Árneshreppur

Engin verkefni skilgreind.

Bolungarvíkurkaupstaður

Bolafjall

Stutt verkefnalýsing: Heildarskipulagning Bolafjalls sem áfangastaðar

Helstu verkþættir: Bæta öryggi og setja upp fleiri skilti. Bæta veginn upp á Bolafjall til þess að geta opnað hann fyrr og lokað honum seinna.

Markmið verkefnisins:

- Öryggissjónarmið
- Náttúruvernd
- Heilsársferðapjónusta

Umsjónaraðili/ábyrgðaraðili: Bolungarvíkurkaupstaður, bæjarstjóri.

Á framkvæmdastigi

[Sjá staðsetningu á korti](#)

Ósvör og fjaran

Stutt verkefnalýsing: Uppbygging bættrar aðstöðu við áfangastaðinn Ósvör og tengingu hans yfir í fjöruna með áherslu á öryggi gesta.

Helstu verkþættir: Gera göngustíg frá Bolungarvík yfir í Ósvör

Markmið:

- Öryggissjónarmið
- Náttúruvernd,
- Heilsársferðapjónusta
- Þétting gönguleiða.

Umsjónaraðili: Bolungarvíkurkaupstaður, bæjarstjóri og byggingarfulltrúi.

Í undirbúningi

[Sjá staðsetningu á korti](#)

Vatnsnes

Stutt verkefnalýsing: Söguskilti nálægt Vatnsnesi, þar sem forðum stóð bær landnámskonunnar Þuríðar sundafyllis.

Markmið verkefnis: Nýr áningar- eða áfangastaður.

Ísafjarðarbær

Kláfur á Ísafirði

Stutt verkefnalýsing: Hönnun og uppbygging kláfs frá Ísafirði upp á Eyrarfjall. Setja upp kláf með byrjunarstöðu á þéttbýli á Ísafirði neðan Eyrarfjalls, með einu millimastri á Gleiðarhjalla í hlíðum fjallsins og endastöð uppi á fjalli.

Helstu verkþættir: Skipulag, hönnun og framkvæmd.

Markmið verkefnisins:

- Heilsársferðapjónusta
- Nýr áningar- eða áfangastaður
- Jákvæð samfélagsleg áhrif

Umsjónaraðili/ábyrgðaraðili: Eyrarkláfur ehf

Í undirbúningi

Heildarskipulagning á Tungudal, Seljalandsdal og Hnífum

Stutt lýsing: Hönnun og framkvæmdir á alhliða útivistarsvæði sem inniheldur skíða-, göngu-, hlaupa- og hjólaleiðir með útsýnisstöðum og þjónustuhúsi. Markmið verkefnisins er að skipuleggja útivistarsvæði í Skutulsfirði. Fyrst er horft til Tungu- og Seljalandsdals, ásamt tengingum við útivistarsvæði í Holtahverfi og Seljalandsmúla. Afurð verkefnisins yrði grunnur að nútímalegu skipulagi af firðinum þar sem fram kæmi framtíðarnotkun svæðanna með heilsársnotkun í huga fyrir íbúa og gesti.

Helstu verkþættir: Skipulag, hönnun og framkvæmdir.

Markmið verkefnis:

- Heilsársferðapjónusta
- Þétting gönguleiða
- Jákvæð samfélagsleg áhrif
- Öryggissjónarmið

Umsjónaraðili/ábyrgðaraðili: Ísafjarðarbær - sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs

Í undirbúningi

Lendingarstaður fyrir geimskip á Seljalandsdal

Stutt verkefnalýsing: Útilistaverk og áningarstaður í Seljalandsdal.

Helstu verkþættir: Uppsetning á listaverki.

Markmið verkefnisins:

- Nýr áningar- eða áfangastaður
- Jákvæð samfélagsleg áhrif

Umsjónaraðilar/ábyrgðaraðilar: Valdisol ehf. Pálmar Kristmundsson/Elísabet Gunnarsdóttir.

Í undirbúningi

Lónið á Suðureyri

Stutt verkefnalýsing: Bæta aðgengi að lóninu á Suðureyri. Verkefnið gengur út á að bæta aðgengi ferðamanna að þorskunum í lóninu innan við Suðureyri við Súgandafjörð.

Helstu verkþættir: Hönnun og efniskostnaður á bryggju, grjótvarnargarði, uppfyllingu og stíg.

Markmið verkefnisins:

- Öryggissjónarmið
- Jákvæð samfélagsleg áhrif

Umsjónaraðili/ábyrgðaraðili: Sjávarþorp Suðureyrar - Elías Guðmundsson

Í undirbúningi

Neðstikaupstaður

Stutt verkefnalýsing: Verkefnið felst í lóðarhönnun við Neðstikaupstað í samstarfi við Byggðasafn Vestfjarða. Markmiðið er að bæta aðgengi, flæði og upplifun gesta á svæðinu með áherslu á algilda hönnun, upplýsingagjöf og framtíðarsýn.

Helstu verkþættir:

1. Aðgengi og flæði – Móta heildarsýn á lóðarhönnun og hanna stígakerfi með áherslu á aðgengi fyrir alla.
2. Setusvæði og dvöl gesta – Auka aðstöðu til dvalar með setusvæðum, leiksvæðum og afmörkun grænna svæða.
3. Upplifun gesta – Að hönnun útsvæðið nýtist sem framhald af starfsemi safnsins inni og styrki heildarupplifun gesta. Þetta getur meðal annars falið í sér uppsetningu á safnmunum eða öðrum þáttum sem tengjast þema Byggðasafnsins og sögu svæðisins.
4. Samspil við fjöruna – Greina möguleika á tengingu útsvæðis við fjöru, m.a. með litlu mannvirki (t.d. bryggju) til samnýtingar.
5. Framtíðarlön – Taka þarf mið af áformum um hús við inngang og mögulegri þjónustu.

Markmið verkefnisins:

- Öryggissjónarmið
- Jákvæð samfélagsleg áhrif
- Þétting gönguleiða

Umsjónaraðili/ábyrgðaraðili: Ísafjarðarbær - skipulagsfulltrúi.

Í undirbúningi

[Sjá staðsetningu á korti](#)

Skipulag og hönnun hafna í Ísafjarðarbæ

Stutt verkefnaýsing: Hönnun á útvíkkun hafnarsvæðis m.t.t. skútu og skemmtibáta ferðamanna.

Helstu verkþættir: Skipulag, hönnun.

Markmið verkefnisins:

- Þétting gönguleiða
- Jákvæð samfélagsleg áhrif
- Öryggissjónarmið

Umsjónaraðili/ábyrgðaraðili: Ísafjarðarbær - Skipulagsfulltrúi

Í undirbúningi

Skrúður í Dýrafirði

Stutt verkefnaýsing: Hönnun og framkvæmdir við þjónustuhús fyrir ferðamenn við Skrud í Dýrafirði.

Helstu verkþættir: Uppsetning á þjónustuhúsi.

Markmið verkefnisins:

- Jákvæð samfélagsleg áhrif

Umsjónaraðili/ábyrgðaraðili: Ísafjarðarbær - deildarstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Á framkvæmdastigi

Sólsetrið á Þingeyri

Stutt verkefnaýsing: Bygging sólseturs á Þingeyri, sem er í senn samkomustaður og útsýnispallur.

Markmið verkefnisins:

- Heilsársferðapjónusta
- Jákvæð samfélagsleg áhrif

